



# *Dalalæðan*

1. tbl. 27. árg. 31. janúar 2014



*Dalalæða í Mosfellsdal. Ljósmynd: Rafn Jónsson.*

## Ég held ég gangi heim ...

Að þessu sinni fagna Dalbúar þorra á heimavelli en hið árlega blót þeirra fer fram í Reykjadal næstkomandi laugardag. Af því tilefni er vel við hæfi að rifja stuttlega upp sögu staðarins og þeirrar mikilvægu starfsemi sem þar fer fram.

Reykjadalur kom til sögunnar sem nýbýli á 5. áratugi síðustu aldar þegar Stefán Þorláksson (1895-1959) garðyrkjubóndi flutti þangað úr Reykjahlíð. Stefán var hreppstjóri Mosfellinga um skeið, hann gaf eigur sínar til að byggja kirkju á Mosfelli (vígð 1965) og er þekkt sögupersóna í Innansveitarkroniku eftir Halldór Laxness.

Árið 1963 hóf Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekstur sumarþúða í Reykjadal og fagnaði starfsemin hálfra aldar afmæli á nýliðnu ári. Nú á dögum njóta um 200 börn sumarþúðar á staðnum og þar að auki hefur Styrktarfélagið nýtt aðstöðuna á veturna. Þess má geta að íbúasamtökin Víghóll hafa stutt dyggilega við þessa gagnmerku starfsemi.

Í Reykjadal hefur verið reist íþróttahús fyrir dvalargesti og þar munu Dalbúar fagna þorra að þessu sinni. Í stað hefðbundinna íþróttagreina verða nýjar keppnisgreinar á dagkrá, svo sem kappát, girndahlaup, glasalyftingar og örlagaglíma! Margir efnilegir keppendur hafa skráð sig til leiks og vandséð hver fer með sigur af hólmi.

Það verður glatt á hjalla í Reykjadal á laugardaginn og ótvíræður kostur að þaðan geta flestir gestir gengið heim, líkt og segir í kvæðinu:

*Þetta er búið að vera eitt brjálæðislegt geim.  
Ég held ég gangi heim, held ég gangi heim.*

Bjarki Bjarnason.



**ÍSFUGL**  
Reykjavegur 36,  
Mosfellsbær  
Sími 5666103

**Aðstoðum við umbrot.  
Prentum bækur og  
bæklinga fyrir fyrirtæki.**



Sími 866-8800

**Grænmetismarkaður  
Tjaldstæði**



**MOSSKÓGAR**  
Sími 6636173

### Dalalæðan

1. tbl. 27. árg. 31. janúar 2014  
Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.  
Umbrot: Huginn Þór Grétarsson / Óðinsauga.  
Prentun: Artpro, Mosfellsbær.  
Dalalæðan er prentuð í 150 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

## Afmælisbörn ársins 2014

### 80 ára

Hreinn Ólafsson Helgadal 17. júlí

### 75 ára

Sigurður Skraphéðinsson Sigtúni 17. febrúar  
Kristján Ólafsson frá Víði 25. apríl

### 70 ára

Þórarinn Jónasson Laxnesi 26. apríl  
Ásgeir Pétursson Dalsbúi 6. júlí  
Ásgerður Gísladóttir Hrisbrú 16. október

### 60 ára

Guðný Halldórsdóttir Melkoti 23. janúar  
Gunnlaugur Jón Hreinnsson frá Helgadal 30. janúar  
Jens Indriðason frá Víðigerði 10. maí  
Hlíf Heiðarsdóttir frá Æsustöðum 29. júlí

### 50 ára

Jóhannes Sturlaugsson Hraðastöðum 1 22. mars  
Ásta Dóra Ingadóttir Reykahlíð 29. maí  
Snorri Gíslason frá Brekkukoti 14. október

### 40 ára

Yr Þórðardóttir Hraðastaðavegi 5 10. mars  
Rakel Baldursdóttir Lundu 3 20. júlí  
Heiðrún Jóna Ingólfsdóttir frá Æsustöðum 13. október  
Ósk Guðvarðardóttir frá Grund 20. desember  
Guðmundur Ari Jensson frá Dalsá 29. desember

## Aðalfundur Víghóls

2014 verður haldinn í Reykjadal  
þriðjudaginn 18. febrúar og hefst kl. 20.

Á fundinn mæta fulltrúar  
Mosfellsbæjar og fjalla um fyrirhugaðar  
breytingar á Þingvallavegi. Einnig  
verður rætt um hvernig auka megi  
strætisvagnþjónustu fyrir Dalbúa.  
Íbúar eru hvattir til að bjóða sig fram  
til stjórnarsetu í Víghól!

### Dagskrá:

Ársskýrsla fráfarandi stjórnar  
Reikningar liðins starfsárs  
Kosning stjórnar og endurskoðanda  
Lagabreytingar  
Önnur mál

Stjórnin.

# Kvenfélagið Dalalæðurnar

Dalalæðurnar hafa læðst um Dalinn líkt og undanfarin ár. Við höfum verið frekar rólegar í tíðinni en hist nokkrum sinnum. Við héldum árlegt páskaþing fyrir páskana. Það var góð mæting á þingóid og alltaf skemmtileg stemmning sem myndast. Einhverjir voru heppnari en aðrir en öll börn fóru sátt heim með lítið súkkulaðiegg í hendi eða munni.



Fyrir jólin vorum við með jólaball fyrir börnin og fólkið í Dalnum. Það var vel mætt þennan fallega desemberdag og mjög jólalegt um að litast. Við sungum og dönsuðum kringum jólatréð og sjálfur Stúfur leit við með mandarínur handa börnunum. Hann vakti mikla lukku meðal barnanna sem fannst sérstaklega fyndið þegar hann flaug á rassinn á sérlega hálu bílaplaninu.

Dalalæðurnar er félagsskapur kvenna í Mosfellsdalnum. Við reynum að hittast af og til í Reykjadal, skröfum saman og eigum góða stund. Við viljum endilega að fleiri konur kíkji á okkur. Við erum með hóp á samfélagsmiðlinum Facebook, þið finnið okkur undir nafninu Dalalæðurnar.

Sjáumst á næsta Dalalæðuhittingi!

Fyrir hönd Dalalæðanna,  
Svava Björk í Víðigerði.



 **Dalsgardur**  
– við gerum rósir

**Blómasala alla daga**  
**kl. 9.00-13.00**  
**Dalsgardur Mosfellsdal**

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer  
Dalsgardur, 270 Mosfellsbæ, Ísland  
Sími/tel: +3545667490  
Fax: +3545667610  
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is



Frá jólaballinu í Reykjadal. Ljósmyndir: Alisdair Wright.



**Vinnustofa Þóru**  
**á Hvirfli er opin**  
**eftir samkomulagi.**  
**Símanúmer 566-7098**  
**og 820-0321.**

**FERÐAÞJÓNUSTAN**  
**OG BÓKAÚTGÁFAN**  
**FRÁ HVIRFLI TIL ILJA**  
**SÍMAR: 566-7098, 820-0320**  
**NETFANG: BJARNASONBJARKI@**  
**GMAIL.COM**  
**Bjarki Bjarnason**

**Mosblikk ehf**  
Hestakerrur sími 894-1236

**Dýralæknirinn Mosfellsbæ**  
Þverholti 2, Kjarna  
Símar: 566-5066 og 6600-633

*Bifreiðaverkstæði*  
**Guðvarðar og Kjartans**  
Sími 566-6257

**REYKJABÚIÐ**  
Reykjum • 270 Mosfellsbæ • Sími 566-6800

## Mosfell hér og þar



### Guðjón Jensson skrifar:

*Guðjón Jensson hefur um langt skeið ritað greinar í Dalalæðuna og oft verið fundvís á áhugavert efni. Á þessu sinni skrifar hann um örnefnið Mosfell og önnur staðaheiti sem hefjast á Mos-. Aðalheimild Guðjóns eru Árbækur Ferðafélags Íslands.*

Mosfell í Mosfellssveit er vestasta Mosfellið á landinu. Hvergi um vestanvert landið er neitt Mosfell að finna en ýms örnefni önnur sem hafa Mos- sem forlið, t.d. Mosdalur í Arnarfirði og víðar. Við skulum því hefja för vora austur yfir Mosfellsheiðina og verður systurfjall og bærinn Mosfell í Grímsnesi fyrst á vegi okkar. Þar bjó Ketilbjörn gamli en hann var ættfaðir Haukdæla sem kunnugt er (Árb. FÍ 2003).

Mosaskarð og Mosaskarðsfjall eru skammt frá Hagavatni sunnan Langjökuls (Árb. FÍ 1961 og 1980).

Við höldum sem leið liggur yfir Kjöl en á móts við Skúta er Mosfell eitt, suðvestur af Kerlingarfjöllum. Er það 905 metrar á hæð og mun vera þar með hæsta Mosfellið

á landinu (Árb. FÍ 1996 og 2001).

Í Húnavatnssýslu er næsta Mosfellið, bær fyrir neðan fjallið Grettisskyrtu (Árb. FÍ 2006). Í Gönguskörðum sunnan Tindastóls í Skagafirði er enn eitt Mosfell ásamt kotbýli sem komið er fyrir löngu í eyði (Árb. FÍ 2012). Mosar og Mosahnjúkur eru við norðanvert mynni Flateyjardals (Árb. FÍ 1969 og 1992). Mosakvísl er syðsti hluti Mjóadalsár suður af Bárðardal (Árb. FÍ 1969).

Á Norðausturlandi, nánar tiltekið í Pistilfirði, er hvoru tveggja Litla Mosfell (397 m) og Stóra Mosfell (385 m), skammt frá Búrfelli og Búrfellsheiði. Athugist að Litla Mosfell liggur hærra! Og á þessum slóðum eru Mosfellskvíslar og Mosfellstunga (Árb. FÍ 2013).

Flest Mosfell eru á Austurlandi og suðaustanverðu landinu. Eitt slíkt, og reyndar eru þau sýnd þrjú fremur en tvö, eru upp af Blábjörgum, milli Breiðuvíkur og Húsavíkur, norðaustan við Loðmundarfjörð. Þar er Mosdalur og Mosfellsrák. Í Blábjörgum eru miklar stuðlabergsmyndanir og þjóðsagan segir að þar búi álfabiskup (Árb. FÍ 2008).

Mosdalur er hjá Þjófahnjúkum útsuður af Snæfelli (Árb. FÍ 1987).

Við sunnanverðan Fáskrúðsfjörð kúrir Mosfell vestan í Sandfelli sem talið er vera eitt besta dæmi bergeitils frá tertíer á norðurhveli jarðar. Í Stöðvarfirði er Mosfell, eitt það tilkomumesta á landinu, snarbratt við hlið Súlna sem myndar kórónu Kambsins milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar. Inn af Hamarsfirði í Bragðavalladal leynist eitt Mosfell enn ásamt rústum samnefnds býlis.



*Mosfell í Mosfellsdal. Ljós. Georg R. Douglas.*

Í Flugustaðadal inn af Álftafirði eru tóftir fornbylis sem nefnt er Mosfell. Þar er einnig Mosfellsheiði (Árb. FÍ 2002). Við Vestra horn er Mosafjall og þar hjá fjallskarðið Kex (Árb. FÍ 1993).

Mosakot var hjáleiga rétt við Hörgsland og Mosar hét hjáleiga Geirlands, rétt hjá Kirkjubæjarklaustri (Árb. FÍ 1983).

Mosaháls, Mosaland og Mosakambur eru í Mýrdalnum, Mosaháls nefnist hálsinn milli Ketilsstaða og Hlemmiskeiðs í vestri og Brekkna í austri (Hótel Dyrhólaey). Mosar var eystri Ketilsstaðabærinn lengi vel nefndur. Mosakambur var í fjallendinu undir Mýrdalsjökli norður af Pétursey (Árb. FÍ 1975).

Moshvoll er vestast í Fljótshlíð (Árb. FÍ 1966). Moshóll er skammt frá Hvernum eina milli Keilis og Trölladyngju á Reykjanesi (Árb. FÍ 1984).

Guðjón Jensson.

## Veiðihorn Guðna



Hér koma veiðitölur ársins 2013 fyrir Mosfellsbæ, samkvæmt upplýsingum frá Guðna Bjarnasyni skyttu á Hraðastöðum. Unnin tófugreni: Tvö greni, annað í austanverðu Mosfelli en hitt í Skollurð í sunnanverðu Grímanssfelli.

16 fullorðnir refir.

10 yrðlingar.

34 minkar voru veiddir, ýmist með gildrum, hundum eða skotvopnum.

300-400 silamávar.

Rjúpur: Tölur ekki tiltækar!

## Fyrir ári og öld

Hinn 4. september 1913 birtist eftirfarandi frétt í blaðinu Lögbergi sem gefið var út í Reykjavík: „Einn maður af því flökkufólki er nefnast Sígaunar hafði nýlega verið á ferð um Mosfellssveit og kvaðst vera frá Trípólís. Björn hreppstjóri í Grafarholti vísaði honum frá sér og hélt hann þá áleiðis hingað til bæjarins.“


**Munið aðalfundinn!**

# Svipmyndir frá þorrablóti Dalbúa 2013



Ljósmyndir: Mosfellingur.

# Símon á Hrísrú



„Sjálfmenntaðir lærdómsmenn hafa ætíð verið til. Símon Jónsson [f. 1802], sem bjó í Hlaðgerðarkoti og síðan á Hrísrú í Mosfellsdal, var góður fulltrúi slíkra manna. Í manntali frá 1855 er hann sagður bóndi, vefari og húsbóndi á Hrísrú en hann var ekki síður afburða stærðfræðingur þótt kunnátta hans hafi lítið nýst honum í brauðstritinu í Mosfellsdal. Þegar fræðimaðurinn Konrad Maurer kom í Dalinn árið 1858 gerð hann sér ferð til Símonar á Hrísrú í fylgd sóknarprestsins Magnúsar Grímssonar.“

„Bóndinn á Hrísrú, Símon Jónsson, var athyglisverður persónuleiki. Eins og svo margir íslenskir bændur sinnti hann fræðistörfum, þó aldrei hefði hann setið á skólabekk. Það var einkum stærðfræði sem hann hafði einbeitt sér að og var hann talinn mestur stærðfræðingur á Íslandi ólærðra manna þegar undan er skilinn Jón Bjarnason í Húnavatnssýslu sem fyrr er nefndur. Oft kom hann til Reykjavíkur

til að leita ráða hjá hinum lærða Birni Gunnlaugssyni [1788-1876], og hjá honum lærði hann meðferð lógaritma.“

„Erfitt er að segja hvað orðið hefði úr Símoni væri hann samtímamaður okkar en sögur af stærðfræðikunnáttu hans lifðu fram á 20. öld og voru meðal annars skráðar niður af Birni Bjarnarsyni í Grafarholti.“ „Þá er fyrst var bygð timburkirkja á Mosfelli [um 1850], og verið var að smíða hana innan („stólana“), gekk Símon þangað í austanhvassviðri. Hann gekk austur fyrir kirkjuna, mældi með fadmi og augnamáli kirkjugaflinn, gekk svo inn í húsið, náði þar í treblýil hjá smiðnum og fjöl, og tók að reikna. Eftir litla stund heilsar hann smiðnum og segir honum um leið, hve margra punda loftstraumspungi liggi nú á kirkjugaflinum!“

Símon á Hrísrú heyrði eg á barnsárum mínum getið um sem einn slíkan viðutan-einhæfnis-gáfnamann. - Eg veit ekki neitt um hann annað en slíkar sögur, er eg þá heyrði. Hann hokraði fyrst á rýrasta koti sveitarinnar, Hlaðgerðarkoti, síðar og lengst á hálfri Hrísrú, og var því við þann bæ kenndur. - Hann var allan huga í bókum og reikningsprautum, en hirti lítið um né hafði vit á daglegum störfum, er hann þó varð að eiga við, vegna lífsframdráttar, sífelt í basli og blárri fátækt. - Á báðum þessum býlum hans voru túnin þá kargabýfðir móar,

er eigi fóðruðu nema rúmlega eina kú. Þá er hann bjó á kotinu, átti hann um 20 ær. Eitt sinn litlu eftir fráfarur, hafði þeim að morgni verið hleypt út fyrir túnið eða upp í Skammaskarð; svo fór smalapiltur að sækja þær til mjalta. En húsbóndinn sat inni við bóklestur að vanda. Hann þurfti þá að ganga út, en sá nú að 4 eða 5 ærnar voru komnar í túnið; hann fór því að víkja þeim úr túninu, en vegna þess að molluveður var og dálítið fluga (mýbit), hlupu ærnar inn í opinn kofa í túnjaðrinum. Símon byrgði þær þar inni, til að hafa þær vísar er hinar kæmu. Svo fór hann aftur að bókinni og gleymdi ánum.

- Er smalapilturinn kom heim, vantaði hann af ánum, þær er S. lét í kofann. Var þeirra nú leitað, maður fenginn að ríða upp um fell og Mosfellsheiði, en hvergi fundust ærnar; leið svo sumarið. Að áliðnu sumri var Símon aftur að lesa í bókinni sem fyr, og er hann kom þar að, er hann hafði lesið, þá er hann byrgði ærnar inni, segir hann: „Og ærnar standa í kofanum!“ Var þá gætt í kofann, en þær stóðu þar þá ekki, heldur lá þar beinahrúgan!“

*Heimildir: Saga Mosfellsbæjar, Æviminningar Björns Bjarnarsonar og Ferðabók Konrad Maurers.*

**GNÁ ehf.** Viðhald og sprautun innréttinga. Garðar Hreinsson, sími 8947200

**Hrossaræktunarbúið**  
**ÓLAFSHAGI**  
...á horninu

**SS GÍSLASON**  
VIÐGERÐIR E.H.F.  
Völuteigi 25  
587 2060

**ÁK verktakar**  
eru í Mosfellsbæ!  
Pípulagningaþjónusta

Kristinn Ingvarsson  
pípulagningamaður,  
Sími 8994677  
astasigvalda@simnet.is

**Fasteignasala**  
**Mosfellsbæjar**

586 8080

**Gandur ehf.**

Öll almenn  
járnsmiði og  
vélaviðgerðir

Sími 6968523

# Nýi kirkjugarðurinn í Mosfellsdal

Þann 25. febrúar 1999 var fyrsta gröfin tekin í nýja kirkjugarðinum á Mosfelli. Jarðsettur var Andrés Ólafsson frá Laugabóli og er hann vökumaður garðsins. Í dag, þegar þetta er ritað, eru liðin 15 ár og á þeim tíma hafa 100 einstaklingar verið jarðsettir í garðinum. Nýi garðurinn mun rúma 720 leiði og eru þá duftreitir ekki þar með taldir. Með vaxandi fólksfjölda í Mosfellsbæ má gera ráð fyrir að árlegum jarðsetningum í kirkjugarðinum fjölgi í hlutfalli við það.

Kirkjugarðurinn er í túbrenku vestan Mosfellskirkju. Möguleiki á stækkun hans er fyrir hendi í aðalskipulagi og yrði hún handan ár að Þingvallavegi. Í dag er það land, ásamt öðru landi Mosfells, skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Garðurinn var teiknaður og skipulagður af Kjartani Mogensen landslagsarkitekt.


Um sama leyti og garðurinn var skipulagður fékk sóknarnefnd Lágafellssóknar, í samráði við prestsetrasjóð, Kjartan til að gera heildarskipulag fyrir heimaland Mosfells, (þ.e. norðan Þingvallavegar að hlíðinni ofan við bæjarhólinn). Hugur manna var að stuðla að uppbyggingu þessa merka kirkju- og sögustaðar, þannig að þeir sem sækja staðinn heim fái notið hans og umhverfisins sem aðgengilegs og aðlaðandi útivistarsvæðis.

Þannig var kirkjugarðurinn, bæði

eins og hann er í dag og í stækkaðri framtíðarmynd, hugsaður sem hluti af þessari heild; friðhelgur reitur, þangað sem fólk leitar einnig til útivistar í fallegu og friðsælu umhverfi. Tenging við kirkjuna með göngustíg og lítilli brú yfir gilið vestan við kirkjuna er á skipulagi. Því má bæta við að Kjartan sá fyrir sér að í túninu austan megin trjágangnanna við veginn heim að Mosfelli yrðu m.a. reitir fyrir grænmetisgarða og tjörn.

Fram til þessa dags hefur verið unnið eftir heildarskipulagi Kjartans Mogensen, sbr. trjárækt umhverfis bæjarhólinn og skjólbelti. Breyting á reiðstíg og varðeldsstæði niðri við ána eru í anda þessara hugmynda. Enn vantar nokkuð upp á að planta skjólbelti í kringum kirkjugarðinn sem liggur fyrir á næstu misserum. Einnig er umhirða á garðinum og vinna við að koma honum í betra horf verkefni sem hefur verið til umræðu á sóknarnefndarfundum á liðnum árum.

Í því samhengi kom til umræðu á síðasta ári að skoða möguleika á að leita eftir samvinnu við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis við umhirðu garðsins. Ýmsir kostir og gallar á slíku fyrirkomulagi voru skoðaðir og jafnvel sá möguleiki að sameina rekstur garðanna. Hvatinn var sú viðleitni að geta veitt þjónustu sem að gæðum væri samræmd á þessu stóra svæði. Niðurstaða sóknarnefndar



Uppdráttur Kjartans Mogensen af skipulagi Mosfellslands.

Lágafellssóknar var að hverfa frá slíkum sameiningarhugmyndum. Unnið verður áfram að því að koma á varanlegri lausn og fyrirkomulagi sem stuðlar að áframhaldandi uppbyggingu

og umhirðu á garðinum og svæðinu umhverfis sem er okkur öllum til sóma og hverjum manni til gleði.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

# Jónsmessureið

Síðastliðið sumar héldu Dalbúar í Jónsmessureið inn á Mosfellsheiði og var ferðin sérlega vel heppnuð í blíðskaparveðri. Fyrst var riðið upp að Helgufossi og sungið kvæði um fossinn eftir Jórunni Halldórsdóttur frá Bringum. Stansað var við bæjarrústirnar í Bringum þar sem Bjarki Bjarnason sagði sögu staðarins. Síðan var haldið inn á heiðina undir forystu Bjarna Bjarnasonar fjallkóngs og framinn örnefnagjörningur í Tófubrekku. Fylkingin reið loks austur fyrir Leirvogsvatn og niður með Leirvogsa en frábærri ferð lauk með grillveislu á Hraðastöðum. Á komandi sumri verður enn á ný haldið í Jónsmessureið, að þessu sinni laugardaginn 21. júní.



Ljós. Ýr Þórðardóttir.

Hluti af hópnum neðan við Helgufoss.

**Hestaleigan Laxnesi**  
1968 - 2013

Bjarki Bjarnason

Fjolskyldan og fyrirtækið í mali og myndum

Á nýliðnu ári voru liðin 45 ár frá því Þórarinn Jónasson og Ragnheiður Bergsdóttir Gíslason, betur þekkt sem Póri og Heiða, hófu rekstur hestaleigu í Laxnesi. Í upphafi voru þau með sex hesta en starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt og nú koma þangað árlega 10-15 þúsund gestir. Í telifni af afmælinu var saga hestaleigunnar gefin út í bókaformi.

## Ágætu lesendur Dalalæðunnar

Árlega sendir stjórn Víghóls giróseðla inn á öll heimili í Mosfellsdal, 2.500 krónur að þessu sinni. Þar er um að ræða árgjald félagsins og styrk fyrir Dalalæðuna. Í fyrra brugðust menn fljótt og vel við og er það þakkað.

Dalbúar eru hvattir til að greiða giróseðilinn eða leggja upphæðina inn á reikning félagsins sem er 0315-13-700185. Kennitala Víghóls er 641198-2779.

Frjáls framlög brottfluttra Dalbúa eru einnig vel þegin!

Með bestu kveðjum,  
Rafn Jónsson, formaður Víghóls.  
Þóra Bjarnadóttir, gjaldkeri.  
Jón Jóhannsson, ritari.

# Ný reiðleið

Opnuð hefur verið reiðleið á milli afleggjaranna í sunnanverðum Dalnum og liggur sá vegspotti frá Æsustaðaafleggjara, framhjá Varmalandi, um land Norður-Reykja og yfir Suðurá hjá Reykjahlíð. Þaðan er síðan opið í allar áttir, t.d. upp í Skammadal eða hringinn í Dalnum.

Þar sem mikið hefur verið rætt um að auðvelda okkur Dalbúum að komast að heiman ríðandi án þess að þurfa að fara yfir Þingvallaveg er þessi vegspotti kærkominn.


Til að þetta yrði að veruleika tóku sig saman nokkrir íbúar við Æsustaðaveg svo sem Gísli bóndi í Dalsgarði og Árni

Ingvarsson Dalsgarði 2, í samvinnu við Harald bæjó og Rúnar á Norður-Reykjum. Verkið var síðan unnið í samvinnu við reiðveganefnd hestamannafélagsins þar sem Jói Oddsson sá um framkvæmdina.

Vona ég að þessi framkvæmd verði til þess að aðrir möguleikar opnast og framhald verði á því að auðvelda okkur að komast um Dalinn án þess að þurfa að koma nálægt Þjóðveginum.

Áfram með framkvæmdagledina!

Mosskógur.



Nýja reiðleiðin merkt með rauðum lit.



# Annáll ársins 2013

## Kæru Dalbúar!

Enn eitt ár er að baki og aðeins þokaðist áfram á síðasta ári í málum er snerta líf okkar hér í Dalnum. Samskipti Víghóls við bæjarfulltrúa og embættismenn sveitarfélagsins eru með miklum ágætum og hefur flestum erindum okkar verið vel tekið.

### Skólaaksturinn

Bæjarstjórinn okkar, Haraldur Sverrisson, kom á aðalfund Víghóls í febrúar í fyrra, og tekin var sú ákvörðun á fundinum að breyta fyrirkomulagi skólaaksturs með það fyrir augum að bæta öryggið. Samþykkt var að vagninn stansaði aðeins á leiðinni upp Dalinn og æki svo viðstöðulaust frá Hraðastöðum og niður í hverfi. Með þessu móti yrði komið í veg fyrir að langflest börnin þyrftu að fara yfir Þingvallaveg. Þó eru nokkur börn og unglingar sem búa norðan vegar sem enn þurfa að fara yfir götuna til að geta tekið vagninn. Jafnframt var akstur vagnsins upp að Skeggjastöðum felldur niður. Verið er að vinna að viðunandi lausn mála fyrir íbúa ofan Hraðastaða vegna skólaakstursins.

Þessar breytingar tóku lengri tíma en ráð var fyrir gert, en eru nú að mestu komnar í gagnið en mest er um vert að þær hafa mælst vel fyrir og langflestir íbúar eru mjög ánægðir með þær. Verið er að leggja lokahönd á strætisvagnaskýlin sem þurfti að setja upp í tengslum við þessar breytingar og ætti því verki senn að vera lokið. Á fundinum var einnig nokkuð rætt um strætisvagnþjónustuna. Ákveðið var að fyrsti vagn dagsins kæmi í Dalinn án þess að menn þyrftu að hringja eftir honum.

### Þorablótið og varðeldurinn

Að öðru leyti gekk lífið sinn vanangang. Þorablótið fór vel fram að vanda og eru þeim sem annast undirbúning þess færðar miklar þakkir. Þetta er erfitt og óeigingjarnt starf sem þetta fólk vinnur en færir okkur um leið mikla gleði. Þorablótin efla samkennd



meðal okkar Dalbúa. Sama á við um annað félagslíf og samkomur sem Dalbúar standa fyrir. Þar finnst mér bera hæst uppskeruhátíð grænmetismarkaðarins í Mosskógum og varðeldurinn á gamlárskvöld. Allar eru þessar samkomur frábærar og aðstandendum til sóma!

### Aðalfundurinn

Þann 18. febrúar nk. höldum við aðalfund Víghóls. Til fundarins koma fulltrúar bæjarins og verður fjallað um framtíð Þingvallavegar en breytingar á honum eru komnar á skipulagsstig. Markmiðið með breytingunum er að draga úr umferðarhraða og almennt að auka öryggi á veginum. Þá er einnig fyrirhugað að fjalla um almenningsamgöngur í Dalnum og stefna að fjölgun ferða strætó þangað.

Allir sem hafa búsetu í Dalnum eru hvattir til að fjölmenna á fundinn. Ef ykkur liggur eitthvað sérstakt á hjarta sem varðar flesta eða alla í Dalnum þá er aðalfundur Víghóls vettvangurinn til að koma slíku á framfæri.

Að lokum óska ég Dalbúum alls hins besta á nýju ári og vona að það færi ykkur öllum gæfu og gleði!

*Rafn Jónsson, formaður Víghóls.*